



Hluthafafundur

Verðbréfamiðstöð Íslands hf.

Fundargerð hluthafafundar nr. 13

Haldinn þriðjudaginn 12. desember 2023 kl. 15:00, í húsnæði félagsins að Suðurlandsbraut 10, 3. hæð og á Microsoft teams.

Fundurinn var haldinn bæði í sal og rafrænn skv. heimild í samþykktum félagsins tölulið 3.21 og hlutafélagalaga gr. 80a. Notast var við fjarfundarbúnaðinn Microsoft teams meeting.

Mættir voru:

Fulltrúar 93,31% hluthafa: Innviðir fjárfestingar slhf., Lagahvoll slf., Gildi lífeyrissjóður, Arion banki hf. G60 ehf., Almenni lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífsverk lífeyrissjóður.

Auk þess voru mætt Stefán Sigurðsson stjórnarformaður og Ómar Örn Tryggvason stjórnarmaður, ásamt Halldóru Hinriksdóttur framkvæmdastjóra og Garðari Gíslasyni lögmanni.

Dagskrá fundarins:

1. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins um heimildir stjórnar til hækkunar hlutafjár í félaginu. Um meginefni tillagnanna vísast til skýringa og greinargerðar sem meðfylgjandi eru í fundarboði.
2. Önnur mál

Fundargögn:

1. Fundarboð
2. Skýrsla stjórnar, sbr. 33 gr. laga nr. 2/1995
3. Samþykktir VBM
4. Drög að áskriftarloforði
5. Umsögn endurskoðanda, sbr. 33.gr. laga nr. 2/1995
6. Síðasti ársreikningur VBM

Helstu niðurstöður fundarins:

Stefán Sigurðsson setti fundinn klukkan 15:00 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði að tillögu sinni að Garðar Gíslason lögmaður yrði fundarstjóri og var það samþykkt án mótakvæða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri lagði til að Halldóra Hinriksdóttir sæi um ritun fundargerðar og var það samþykkt án mótakvæða.

Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins m.t.t. boðunarfrests og mætingar vegna þeirra dagskrármálefna sem til umfjöllunar verða á fundinum. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan að því búnu og voru engar athugasemdir gerðar þar við.

Gengið var til dagskrár:

1. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins um heimildir stjórnar til hækkunar hlutafjár í félaginu. Um meginefni tillagnanna vísast til skýringa og greinargerðar sem meðfylgjandi eru í fundarboði.

Fundarstjóri fór yfir fyrirbyggjandi tillögu til fundarins um breytingu á grein 2.3 í samþykktum félagsins. Lagt er til að í greininni fái stjórn félagsins nýja heimild hluthafafundar í samræmi við 41. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að hækka hlutaféð. Tillagan er svohljóðandi:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, í einu lagi eða áföngum, um allt að 50.000.000 kr. að nafnvirði með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákveða gengi, greiðslukjör og skilmála vegna hækkunarinnar og hvort unnt sé að greiða fyrir þá með öðru en reiðufé. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum, en nýti hluthafar ekki forgangsrétt sinn er stjórn heimilt að bjóða öðrum að skrá sig fyrir nýju hlutafé. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu og gilda sömu ákvæði um réttindi hluta og mælt er fyrir um í samþykktum að öðru leyti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi viðkomandi hlutafárhækkunar. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður 31. desember 2024 að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar.“

Fundarstjóri bauð stjórn félagsins að fylgja tillögunni úr hlaði og gerðu Stefán og Halldóra grein fyrir forsendum hennar, upplýstu um helstu þætti í rekstri félagsins og um framtíðarhorfur.

Fram kom að stjórn Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. kt. 451015-2140, (hér eftir “VBM” eða „félagið“), ákvað á stjórnarfundum þann 21. nóvember 2023 að óska eftir heimild til að auka hlutafé félagsins um 50.000.000 kr. að nafnvirði eða 200.000.000 kr. að raunvirði með hlutafárutboði.

Tekjuuppbygging er hafin og stórt erlent verkefni langt komið í vinnslu.

Tekjuuppbygging er hafin af krafti og unnið er að stóru erlendu verkefni sem getur haft sterk áhrif á framtíðartekjuvöxt félagsins frá miðju ári 2024. Áframhaldandi frestun á stóru innlendu verkefni og langur málsmeðferðartími samkeppniskvörtunar hefur hins vegar áfram haft neikvæð áhrif á áætlanir.

VBM hefur verið í mikilli söluherferð það sem af er ári sem endurspeglast í að á fyrstu 9 mánuðum hefur skráðum eignum, fyrir utan þjónustu við HFF bréf, vaxið um 792%, með HFF bréfum er aukningin um 38%. Félagið finnur fyrir miklum meðbyr á markaðnum og er tekjuuppbygging hafin af alvöru og pípan sterk. Eignir í vörslu hjá VBM voru í lok þriðja ársfjórðungs um 300 ma.kr. Þar af voru HFF bréf um 205 ma.kr. Unnið er að skráningu með nokkrum fyrirtækjum og sjóðum hjá VBM sem mun klárast á fjórða ársfjórðungi ársins. Auk þessa eru stór verkefni í vinnslu sem munu auka eignir í vörslu hjá VBM töluvert á árinu 2024. Nýir viðskiptavinir VBM eru í mörgum tilvikum útgefendur óskráðra bréfa sem nýtir sér þjónustu verðbréfamiðstöðva til aukinnar fagmennsku og öryggis fyrir fjárfesta. Auk þess má geta að ríkið hefur á fyrstu níu mánuðum ársins gefið út hjá VBM 24% af víxlum sem gefnir voru út, en það er 227% aukning í útgáfum fyrir ríkið á milli ára. Nú á haust mánuðum hafa þrjú félög verið flutt frá samkeppnisaðila til VBM með góðum árangri og eru fleiri félög í undirbúningi. Auk þess sem gert er ráð fyrir áframhaldandi auknum verkefnum stærsta útgefanda markaðarins í ljósi góðrar reynslu.

Kvörtun yfir Nasdaq er enn í vinnslu hjá Samkeppniseftirlitinu og sem áður er vonast til að jákvæð niðurstaða fari að skila sér sem getur hjálpað tekjuöflun félagsins mikið, en tafir á málsmeðferð koma alvarlega niður á möguleikum félagsins til að vaxa hratt á Íslandi. Einnig hefur deila fjármálaráðuneytisins og lífeyrissjóða frestað eða komið í veg fyrir stórt þróunarverkefni sem hefði annars haft jákvæð áhrif á markaði og á rekstur VBM.

Vegna frestana á stórum verkefnum á Íslandi og hægri málsmeðferð Samkeppniseftirlits hóf VBM skoðun á því að bjóða þjónustu sína utan Íslands. VBM hefur nú um nokkurt skeið unnið með evrópskum banka að greiningu á möguleikum og undirbúningi og er nú langt komið í undirbúningi samstarfssamnings auk þess sem samtöl við aðra erlenda aðila um svipað samstarf eru í gangi. Þessi verkefni líta út fyrir að geta skilað félaginu töluverðum tekjum á næstu árum, jafnvel umtalsvert meira en íslenski markaðurinn. Verkefnið sem lengst er komið lofar mjög góðu um möguleika VBM að byggja tekjur með sambærilegum hætti byggt á leyfi sínu í 26 Evrópulöndum, sem er gríðarlega jákvætt fyrir framtíðar tekjumöguleika félagsins. Vonir standa til að hægt verði að skrifa undir samstarfssamning í þessu verkefni í byrjun næsta árs og fyrstu tekjur af því gætu skilað sér á síðari hluta 2024. Fyrsti samningurinn um samstarf utan Íslands mun án efa hjálpa til að markaðssetja VBM sem samstarfsaðila í öðrum Evrópulöndum og á Íslandi.

VBM hefur verið í góðum samskiptum við Fjármála- og efnahagsráðuneytið síðustu ár í tengslum við mikilvægi þess að koma á samkeppni á markaði verðbréfamiðstöðva þar sem ríkt hefur einokun með háum kostnaði fyrir markaðinn.

VBM hefur einfaldlega óskað eftir því að umhverfið sé með þeim hætti að heilbrigð samkeppni geti átt sér stað. Að útgefandi geti valið hjá hvaða verðbréfamiðstöð verðbréf eru skráð hverju sinni og að hægt sé að flytja bréf frá einni verðbréfamiðstöð yfir í aðra án þess að skerða réttindi hluthafa. Í dag er það ekki þannig þar sem reglur samkeppnisaðila VBM hindra og tefja tilfærslur. Samkeppni var boðuð á markaðnum með stofnun Verðbréfamiðstöðvar Íslands árið 2015 og brást Nasdaq CSD við með lökkun vörslugjalda í fjórum skrefum. Þessi viðbrögð Nasdaq CSD skilar eigendum skráðra verðbréfa á Íslandi um 200m í sparnað árlega miðað við það sem áður var. Það er því ljóst að virk samkeppni á þessum markaði mun lækka kostnað bæði útgefanda og fjárfesta enn frekar og því mikilvægt að festa hana í sessi.

Í ljósi ofangreinds er óskað eftir auknu hlutafé upp á 200.000.000 kr. að raunvirði en það ætti að duga félaginu út árið 2024 og lengur ef koma inn nýjar tekjur. Miðað við aukna möguleika VBM á að skapa sér tekjur á öðrum mörkuðum ríkir bjartsýni um að félagið nái að fullu leyti að tryggja sjálfbærni í rekstri árið 2024.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar. Engar spurningar komu frá fundarmönnum.

Tillagan til fundarins um breytingu á grein 2.3 í samþykktum félagsins var borin upp til samþykktar og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Önnur mál
Engin önnur mál.

Fundarstjóri óskaði heimildar frá fundarmönnum til að hann og fundarritari myndu ganga frá fundargerð fundarins og var það samþykkt án mótaskvæða.

Fundi var slitið kl. 15:30.